

Fimmtudaginn 9. september 1993.

Nr. 369/1993. **Lögreglustjórnin í Reykjavík**

gegn

Ólafi Gunnarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. september 1993, sem Hæstarétti barst 6. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til kl. 24.00 miðvikudaginn 13. október 1993, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Í skjölum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að tveir menn, sem grunaðir eru um fíkniefnamisferli, hafi lýst því yfir, að varnaraðili hafi átt hlut að brotum þeirra. Í greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti er greint frá því, að heildarmagn þeirra fíkniefna, sem varnaraðili er grunaður um að hafa fjármagnað og skipulagt innflutning á, nemi allt að 5,5 kílógrömmum af hassi og allt að 1,4 kílógrömmum af amfetamíni. Líkur séu á því, að hluti efnanna sé þegar seldur og sé eftir að leiða í ljós, hver seldi, hvert söluverð var og hver naut ágóðans af sölnunni. Lögreglan hafi vísbendingar um ýmsar mikilvægar upplýsingar, sem eftir sé að vinna úr, en gætu gagnast við rannsókn málsins. Erfitt gæti reynst að sannreyna þær, ef varnaraðili væri frjáls ferða sinna.

Með skírskotun til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. september 1993.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Ólafi Gunnarssyni, kt. 200455-3049, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 24.00 miðvikudaginn 13. október nk.

Lögreglan vinnur nú að rannsókn vegna tveggja fikniefnasendinga, er komið var með til landsins 6. og 25. júlí, en 25. júlí voru tveir menn handteknir í Leifsstöð, og fannst talsvert magn fikniefna á öðrum þeirra, falið innan klæða. Sátu þeir báðir í gæsluvarðhaldi vegna málsins um nokkurn tíma.

Lögreglan segir, að fram hafi komið vísbendingar og framburður vitna, er bendi eindregið til þess, að Ólafur hafi skipulagt og fjármagnað báðar ferðirnar, en aðrir hafi verið fengnir til að fara. Ólafur hefur við yfirheyrslu hjá lögreglu og hér fyrir dómi neitað allri aðild að máli þessu. Hann hefur hins vegar viðurkennt að hafa flutt með sér lítið eitt af amfetamíni frá Bandaríkjunum nú í sumar, en 1,8 g af efninu fundust við hútleit á heimili hans sl. þriðjudag.

Með hliðsjón af þeim sakargögnum, sem fyrir liggja, verður að fallast á, að Ólafur sé undir rökstuddum grun um aðild að innflutningi fikniefna tvisvar nú í júlímánuði. Verður að telja, að nauðsynlegt sé í þágu rannsóknar málsins, að honum verði meinað að hafa samband við aðra, er þátt eiga í brotunum, og hugsanleg vitni.

Lögreglan styður kröfu um gæsluvarðhald við a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 svo og við 2. mgr. sömu greinar. Ekki verður á það fallist, að 2. mgr. 103. gr. eigi við, svo sem sakarefni er háttað. Verður Ólafur hins vegar úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi skv. a-lið 1. mgr. Sýnist varðhaldstíminn hæfilega afmarkaður til mánudagsins 20. september nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ólafur Gunnarsson, kt. 200455-3049, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 20. september nk. kl. 16.00.
